

**29. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
mánudaginn 12. september 2022, kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: , .

1. Innri Skálavík, stöðuleyfi - 2208002

Tekið fyrir erindi frá Erlu Þórdísi Reynisdóttur dags 08.08.2022 þar sem óskð er eftir stöðuleyfi fyrir stöðuhýsi á jörðinni Innri Skálavík.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs.

Samþykkt

2. Deiliskipulag í Reykjanesi - 2202003

Tekin fyrir deiliskipulagstillaga, Reykjanes við Djúp, greinargerð og umhverfismatskýrsla dags 24.08.2022.

Tillagan var kynnt á vinnslustigi frá 12.-26. maí 2022.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulag fyrir Reykjanes við Djúp verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Samþykkt

3. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006

Tekin fyrir að nýju greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og uppdráttur vegna tillögu að breytingu á iðnaðarsvæði inn af Langeyri dags 7. mars 2022.

Markmið breytingarinnar er að stækka landfyllingu fyrir hráefnissvæði til suðurs á lóð nr. 1 svo hægt sé að koma fyrir á svæðinu hráefnisþróum. Þeim er ætlað að kokma í veg fyrir að grugg berist til sjávar.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagið verði auglýst til samræmis við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

4. Byggingarleyfi, Skálavík Innri - 2208008

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Vigfúsi Halldórssyni dags. 18. ágúst 2022 þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir húsi á eyðijörðinni Skálavík Innri í Súðavíkurbreppi skv. meðfylgjandi teikningum frá Balsa ehf.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila breytingu á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030 í samræmi við 2.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

5. Deiliskipulagsbreyting í Heydal - 2208001

Tekið fyrir eftir grenndarkynningu deiliskipulagsbreyting í Heydal. Skipulagstillagan var send til landeigenda Galtarhryggs til kynningar sem gera ekki athugasemdir.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagstillöguna óbreytta.

Samþykkt

6. Stöðuleyfi, bílhrae ofl. - 2208004

Tekið fyrir að nýju erindi er varðar stöðuleyfi, bílhrae á lóðum Súðavíkurhrepps.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd felur sveitarstjóra að senda bréf fyrir hönd nefndarinnar til þeirra sem hafa fengið stöðuleyfi og minna á þær takmarkanir sem þeim fylgja, sjá samning um stöðuleyfi.

Nefndin felur sveitarstjóra að senda bréf til þeirra sem ekki hafa sótt um stöðuleyfi, eiga bílhrae og lausamuni á landi Súðavíkurhrepps.

Samþykkt

7. Valagil, göngustígur - 2209002

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Smára Karlssyni verkefnisstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar dags. 12.09.2022 er varðar fyrirhugaðan göngustíg að Valagili. Stígurinn er á Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 2018-2030.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir göngustíg frá Seljalandi að Valagili.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 19:00.

Anna Lind Ragnarsdóttir

Hulda Gunnarsdóttir

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar
13.09.2022

Valgeir Scott

Bragi Þór Thoroddsen

Jóhann Birkir Helgason